

Spá um nemendafjölda í Grafarholti

Í þessari spá er byggt á fjölda nemenda á grunnskólaaldri sem eiga lögheimili í Grafarholtshverfi fram til skólaársins 2012-2013 en þá hefja nemendur sem fæddust árið 2006 sína skólagöngu. Í töflu 1 má sjá hvernig nemendur skiptast á milli Ingunnarskóla og Sæmundarsels.


Tafla 1. Fjöldi á grunnskólaaldri með lögheimili í hverfi skv. þjóðskrá 1. október 2006

	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Ingunnarskóli og 7.-10. úr Sæmundarseli	472	501	522	548	596	652	657
Sæmundarsel 1.-6. bekkur	148	176	208	240	272	301	320
Grafarholt alls	620	677	730	788	868	953	977
Ingunnarskóli (án unglingast. úr Sæmundarseli)	392	424	449	470	519	549	543
Sæmundarsel 1.-10. bekkur	228	253	281	318	349	404	434
Skráðir alls skólaárið 2006/2007	580						

Skólaárið 2006/2007 eru skráðir 443 nemendur í Ingunnarskóla en nú eiga 469 börn á skólaaldri lögheimili í hverfinu og skil eru því rétt um 94%. Í Sæmundarsel er 137 nemandi skráður fyrir næsta skóla ár en 143 eiga lögheimili í því hverfi sem eru 96% skil.

Spá fyrir Ingunnarskóla


Samkvæmt spánni munu flestir nemendur vera við skólann árið 2012 eða 657 nemendur sé miðað við að nemendur í 7.-10. bekk úr Sæmundarseli sæki skólann. Séu þeir ekki teknir með væri nemendafjöldi þá um 543. Spá til ársins 2012 byggir á fjölda barna með lögheimili í hverfinu núna en frá árinu 2013 til 2025 byggir spáin á ferli nemendafjölda í grunnskólum í öðrum hverfum Reykjavíkur. Hafa ber í huga að þær viðmiðunartölur verða endurskoðaðar haustið 2006. Miðað er við 0,37 nemendur í íbúð þegar jafnvægi hverfis er reiknað en það er meðaltalshlutfall í hverfum Reykjavíkur.



Mynd 1. Fjöldi nemenda 2001 til 2006 og spá til ársins 2025 miðað við þjóðskrá 1. okt. 2006.

Spá fyrir Sæmundarsel

Samkvæmt spánni munu flestir nemendur vera við skólann árið 2012 eða 320 nemendur sé miðað við að nemendur í 1.-6. bekk sæki skólann. Ef allir nemendur í 1.-10. bekk sæktu skólann yrði nemendafjöldi mestur 434. Spá til ársins 2012 byggir á fjölda barna með lögheimili í hverfinu núna en frá árinu 2013 til 2025 byggir spáin á ferli nemendafjölda í grunnskólum í öðrum hverfum Reykjavíkur. Hafa ber í huga að þær viðmiðunartölur verða endurskoðaðar haustið 2006. Miðað er við 0,37 nemendur í íbúð þegar jafnvægi hverfis er reiknað en það er meðaltalshlutfall í hverfum Reykjavíkur. Ekki þótti ástæða til að hækka þá tölu fyrir Sæmundarsel þrátt fyrir 200 íbúðir fyrir námsmenn, en þær eru ætlaðar einstaklingum og pörum.



Mynd 2. Fjöldi nemenda 2004 til 2006 og spá til ársins 2025 miðað við þjóðskrá 1. okt. 2006.